

## REGLUR

### um verðbréfaðar áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna eiginfjákröfur vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga í samræmi við 5. kafla, II. bóls þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

#### 2. gr.

##### *Verðbréfaðar áhættuskuldbindingar.*

Fjármálafyrirtæki sem skylt er að reikna eiginfjákröfur vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga skulu framkvæma útreikningana í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 602/2014, sbr. 3. gr.

Um ákvörðun á KIRB í tengslum við undirliggjandi áhættu af verðbréfun fer samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1780, sbr. 3. gr.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing reglugerða.*

Með vísan til 2. gr. gilda eftirtaldar reglugerðir (ESB) hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 602/2014 frá 4. júní 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla til að auðvelda samleitni eftirlitsaðferða að því er varðar framkvæmd viðbótaráhættuvoga samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 65. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 339-341.](#)
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1780 frá 13. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar skilyrðin sem gera stofnunum kleift að reikna KIRB í tengslum við undirliggjandi áhættuskuldbindingar í verðbréfunarviðskiptum, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 243/2024 frá 25. október 2024 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9 frá 20. febrúar 2025, bls. 24.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð (ESB) 2024/1780 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. *Official Journal of the European Union*): <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX%3A32024R1780>, birt í OJ deild L, undirdeild R, þann 25. júní 2024.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 44. og 46. tölul. 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast þegar gildi. Með gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 960/2017, um tæknilega staðla varðandi yfirfærða útlánaáættu vegna verðbréfunar.

*Seðlabanka Íslands, 14. nóvember 2025.*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Gísli Óttarsson**  
framkvæmdastjóri.

---

B deild - Útgáfudagur: 28. nóvember 2025